

Ársskýrsla umboðsmanns skuldara

2015



Umboðsmaður
skuldara

Efnisyfirlit

Ávarp umboðsmanns skuldara	5
Embætti umboðsmanns skuldara	6
Hlutverk umboðsmanns skuldara -	6
Starfsmenn og starfsemi -	7
Greiðsla kostnaðar við rekstur -	7
Ráðgjöf	8
Fjöldi umsókna -	11
Kyn umsækjenda -	11
Aldur umsækjenda -	12
Atvinnustaða umsækjenda -	13
Búseta umsækjenda -	13
Búsetuform umsækjenda -	15
Skuldir, tekjur og eignir umsækjenda -	15
Greiðsluaðlögun einstaklinga	18
Fjöldi umsókna -	19
Kærðar ákvarðanir -	19
Kyn umsækjenda -	19
Aldur umsækjenda -	21
Atvinnustaða umsækjenda -	21
Búseta umsækjenda -	22
Búsetuform umsækjenda -	23
Skuldir, tekjur og eignir umsækjenda -	24
Samningar um greiðsluaðlögun -	26
Breytingamál -	28
Málalok -	28
Fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta	32
Fjöldi umsókna -	32
Kyn umsækjenda -	35
Aldur umsækjenda -	35
Atvinnustaða umsækjenda -	36
Búseta umsækjenda -	37
Búsetuform umsækjenda -	38
Skuldir, tekjur og eignir umsækjenda -	38
Erindi	40
Framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara	42
Fræðsla og kynningarmál	45
Rekstrar- og efnahagsreikningar	47
Rekstrarreikningur árið 2015 -	48
Efnahagsreikningur 31. desember 2015 -	49



Ávarp umboðsmanns skuldara

Þegar litið er yfir starf umboðsmanns skuldara árið 2015, má segja að það hafi einkennst af ákveðnum stöðugleika þar sem verkefni embættisins og úrvinnsla þeirra voru í eðlilegu jafnvægi, miðað við fyrri ár. Embættið uppskar árangur í kjölfar átaks síðustu ára við að vinna úr miklum málafjölda og þeirrar þróunarvinnu sem hafði átt sér stað á úrræðum embættisins. Í því sambandi ber að nefna að nýjasta hlutverk embættisins, úrvinnsla umsókna samkvæmt lögum um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta nr. 9/2014, var búið að slíta barnsskónum og komið í fastmótaðri farveg.

Á árinu 2015 lagði embættið áherslu á að einfalda ferli greiðsluaðlögunar og fækka þeim starfsmönnum sem komu að hverju máli. Sú breyting var gerð að umsjónarmenn innan embættisins hófu að taka ákvarðanir um samþykkt eða synjun umsókna um greiðsluaðlögun, ásamt því að annast greiðsluaðlögunarumleitunir. Það leiddi til þess að vinnsluhraði mála jókst og mál tóku að jafnaði skemmri tíma frá því að umsókn var samþykkt þar til þeim lauk.

Í lok árs 2015 var tekið í gagnið nýtt rafrænt umsóknarkerfi en með því þurfa umsækjendur ekki lengur að skila inn skriflegu samþykki vegna gagnaöflunar heldur er slíkt samþykki veitt rafrænt, annað hvort með íslykli eða rafrænum skilríkjum. Tilgangur nýs umsóknarkerfis var að gera umsóknarferlið einfaldara fyrir umsækjendur og veita betri þjónustu. Þá var jafnframt heimasíða embættisins endurnýjuð og snjallvædd í samræmi við breytta netnotkun.

Greiðsluaðlögun skv. lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010, er stærsta úrræði embættisins og hefur að mati undirritaðrar sannað mikilvægi sitt við úrlausn á skuldavanda einstaklinga. Mikill árangur hefur hlotist af úrræðinu, sé litið til þeirra samninga sem tekið hafa gildi, en við lok árs 2015 höfðu komist á um 2.900 samningar um greiðsluaðlögun frá stofnun embættisins, í kjölfar samningaviðræðna við kröfuhafa um endurskipulagningu á fjárhag hlutaðeigandi skuldara. Það liggur hins vegar fyrir að gera þarf breytingar á lögunum í ljósi fenginnar reynslu embættisins. Bæta þarf ýmis lagaákvæði til þess að úrræðið þjóni skuldurum enn betur við úrlausn á greiðsluerfiðleikum. Sú vinna er þegar hafin í velferðarráðuneytinu og standa vonir til þess að hún klárast á komandi árum.

Embættið sinnir fjölmörgum verkefnum og það er von undirritaðrar að við lestur ársskýrslunnar fái lesandi betri innsýn í starf umboðsmanns skuldara. Í ársskýrslunni má finna tölulegar upplýsingar um úrræði embættisins sem og ýmiss konar greiningu á umsækjendum, t.d. um aldur, búsetuform og atvinnustöðu þeirra.

Að lokum tel ég við hæfi að færa starfsfólki embættisins bestu þakkir fyrir vel unnin störf við krefjandi aðstæður síðustu ára. Án mikillar eljusemi og baráttuanda starfsmanna, væri embættið ekki á þeim stað sem það er í dag.



Embætti umboðsmanns skuldara

Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem umboðsmaður skuldara veitir forstöðu. Stofnunin tók til starfa þann 1. ágúst 2010 og byggir á lögum um umboðsmann skuldara nr. 100/2010. Löggin gera ráð fyrir umfangsmikilli þjónustu og ákveðinni hagsmunagæslu fyrir skuldara. Samhliða tóku gildi lög um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010 sem gera ráð fyrir viðamiklu hlutverki umboðsmanns skuldara, meðal annars sem milli-göngumanns í samningsumleitunum við kröfuhafa um greiðsluaðlögun.

Hlutverk umboðsmanns skuldara

Hlutverk umboðsmanns skuldara er skilgreint í lögum nr. 100/2010 um umboðsmann skuldara. Í fyrsta lagi skal veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum endurgjaldslausu aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar. Í öðru lagi skal hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna með hagsmuni skuldara að leiðarljósi.

Í þriðja lagi skal veita atbeina við tilraunir til samninga um greiðsluaðlögun. Í fjórða lagi skal útbúa framfærsluviðmið og uppfæra það reglulega. Í fimmta lagi skal taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og senda áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds. Í sjötta lagi skal gæta hagsmuna skuldara og veita þeim aðstoð þegar við á. Í sjöunda lagi skal veita alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál heimilanna.

Þjónusta umboðsmanns skuldara er meðal annars veitt í persónulegum viðtölum í húsakynnum embættisins, í gegnum tölvupóst, í síma og á heimasíðu embættisins www.ums.is

Hjá umboðsmanni skuldara ríkir trúnaður um það sem fram fer á milli starfsmanna og viðskiptavina enda allir starfsmenn bundnir þagnarskyldu í samræmi við lög um umboðsmann skuldara nr. 100/2010, lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og almenn hegningarlög. Sérstaklega er

tekið fram að þagnarskyldan haldi þó starfsmenn láti af starfi. Allir starfsmenn skrifa undir þagnarheit enda um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða sem unnið er með

Starfsmenn og starfsemi

Umboðsmaður skuldara er Ásta S. Helgadóttir lögfræðingur. Í upphafi árs voru starfsmenn 32. Þegar leið á árið fækkaði starfsmönnum og voru þeir 28 í lok árs. Öll starfsemi fer fram í Kringlunni 1, Reykjavík. Í árslok voru 92,9% starfsmanna konur og 7,1% karlar. Lögfræðimenntaðir starfsmenn voru 50% allra starfsmanna.

Greiðsla kostnaðar við rekstur

Greiðsla kostnaðar við rekstur fer eftir lögum um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara, nr. 166/2011. Með lögum nr. 140/2013, sem tóku gildi árið 2014, var lögum um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara breytt á þann veg að innheimt gjald rennur einnig til

greiðslu fjárhagsaðstoðar til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta. Lánastofnanir, Íbúðalánasjóður og lífeyrissjóðir standa straum af kostnaði við rekstur umboðsmanns skuldara með greiðslu sérstaks gjalds sem umboðsmaður innheimtir. Umboðsmaður skuldara sendir, fyrir 1. júní hvers árs, samráðsnefnd gjaldskyldra aðila drög að kostnaðaráætlun næsta árs og skal samráðsnefndin skila umboðsmanni skuldara álitum um skýrsluna fyrir 14. júní sama árs. Að fenginni umsögn endurskoðar umboðsmaður skuldara kostnaðaráætlun sína og leggur hana, ásamt umsögn gjaldskyldra aðila, fyrir velferðarráðherra sem tekur ákvörðun um álagningu gjaldsins. Leggja skal skýrsluna fyrir ráðherra fyrir 1. júlí ár hvert.

Samráðsnefndina skipa fjórir fulltrúar, einn frá Íbúðalánasjóði, einn frá Landssamtökum lífeyrissjóða og tveir frá Samtökum fjármálafyrirtækja.



Ráðgjöf

Eitt af hlutverkum umboðsmanns skuldara er að veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluferfiðleikum ókeypis ráðgjöf. Hún felst meðal annars í gerð greiðsluferfiðleikamats, í kjölfar umsóknar, til þess að öðlast heildarsýn á fjármálin og leita leiða til lausnar. Öllum þeim sem leituðu til embættisins var bent á að sækja formlega um ráðgjöf svo hægt væri að veita ítarlegri og persónulegri ráðgjöf sem byggði á þekkingu á fjárhagsstöðu umsækjanda. Í lok árs var tekinn upp símatími ráðgjafa þar sem einstaklingum sem ekki áttu mál hjá umboðsmanni skuldara gafst færi á að hringja inn milli klukkan 13 og 14 á þriðjudögum og fimmtudögum og fá ráðleggingar í gegnum síma. Símatíminn fór vel af stað og ljóst er að þessi þjónusta nýttist mörgum vel.

Í lok árs 2015 var tekið í gagnið nýtt rafrænt umsóknarkerfi. Með nýju kerfi þurfa umsækjendur ekki lengur að skila inn skriflegu samþykki vegna gagnaöflunar heldur er slíkt samþykki veitt rafrænt.

Auðkenning er í gegnum island.is, annað hvort með íslykli eða rafrænum skilríkjum. Með nýrri umsókn ætti umsóknarferlið að vera einfaldara fyrir umsækjendur.

Í ráðgjöf hjá umboðsmanni skuldara er aðstoð veitt við að leysa úr fjárhagsferfiðleikum áður en vandinn er orðinn slíkur að önnur úrræði svo sem greiðsluáðlögun eða gjaldprotaskipti þurfi til. Í kjölfar úrvinnslu umsóknar fær umsækjandi í hendurnar samantekt á fjárhagsstöðu sinni, greiðsluferfiðleikamat og ef möguleiki er tillögur til úrbóta. Í einstaka tilvikum, aðstoða ráðgjafar umsækjendur, við að leita samninga við kröfuhafa sem geta m.a. falið í sér lengingu á lánum, niðurfellingu dráttarvaxta, frýstingu lána eða skuldbreytingu lána. Ef framangreind úrræði duga ekki er umsækjendum ráðlagt að sækja um greiðsluáðlögun einstaklinga eða fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldprotaskipta hjá umboðsmanni skuldara.




Fjöldi umsókna

Á árinu 2015 bárust samtals 617 umsóknir en þær höfðu verið 739 árið 2014. Vinnslu við 756 umsóknir lauk á árinu og voru 73 umsóknir í vinnslu hjá ráðgjöfum í árslok 2015.

Kyn umsækjenda

Konur voru 42% umsækjenda um ráðgjöf árið 2015 en höfðu verið 38% umsækjenda árið 2014. Karlar voru 28% umsækjenda árið 2015 en höfðu verið 30% árið áður. Hlutfall hjóna lækkaði lítillega, úr 33% árið 2014 í 29% árið 2015.



Fleiri umsækjendur höfðu nú börn á sínu framfæri en árið 2014. Alls höfðu 47% umsækjanda börn á sínu framfæri árið 2015 en hlutfallið var 40% árið 2014. Fjölgunin var öll meðal einstæðra mæðra. Af umsækjendum ársins 2015 voru 24% einstæðar mæður, 20% hjón og tæplega 4% einstæðir feður. Alls voru 53% umsækjenda því ekki með börn á framfæri sínu árið 2015 en það sama átti við tæplega 60% umsækjenda árið áður. Á árinu 2015 voru einhleypir karlar 24% umsækjenda, einhleypar konur 18% og hjón án barna 10%. Hlutfallsleg fækkun var meðal einhleypra karla og barnlausra hjóna.



Aldur umsækjenda

Lítill breyting varð á aldurssamsetningu umsækjenda frá árinu 2014. Helst ber að geta að aðeins fækkaði meðal þeirra sem voru á aldrinum 30-39 ára, úr 32% umsækjenda í 28%. Einnig fjölgaði meðal

þeirra sem voru á aldrinum 40-49 ára, úr 24% í 27%. Fimmtungur umsækjenda var á aldrinum 18-29 ára. 15% voru á aldrinum 50-59 ára, 7% var á aldrinum 60-69 ára og 2% voru í elsta aldurs-
hópnum eða eldri en 70 ára.




Atvinnustaða umsækjenda


Í flestum tilfellum er umsækjandi eða annað hjóna/sambýlisfólks í atvinnu eða í 59% umsókna. Á árinu 2014 var 63% umsækjanda eða annað hjóna/sambýlisfólks í atvinnu. Hlutfall atvinnulausra umsækjenda dróst aðeins saman, úr 25% umsækjenda árið 2014 í 22% umsækjenda árið 2015. Hlutfall örorku-/lífeyrisþega jókst hins vegar úr 32% umsækjenda í 35% árið 2015. Sé litið til þess að ekki varð hlutfallsleg breyting á umsækjendum á ellilífeyrisaldri má reikna með að hér sé um að ræða aukningu á hlutfalli örorkulífeyrisþega. Í 5% umsókna var að minnsta kosti annar umsækjandi í námi og í 1% umsókna var umsækjandi eða annar umsækjenda heimavinnandi.

Búseta umsækjenda

Um 66% umsækjenda um ráðgjöf voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu, þar af voru 43% búsettir í Reykjavík en 23% í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur. Jókst hlutfall íbúa Reykjavíkur um þrjú prósentustig frá fyrra ári. Hlutfall íbúa Suðurnesja dróst saman um fimm prósentustig, úr 15% umsækjenda árið 2014 í 10% umsækjenda árið 2015. Lítil breyting varð á skiptingu umsókna frá öðrum landshlutum. Íbúar Norðurlands voru 8% umsækjenda, um 6% umsækjenda bjuggu

á Suðurlandi og 6% á Vesturlandi eða á Vestfjörðum. Um 2% umsækjenda bjó á Austurlandi og um 3% voru búsett erlendis.






Búsetuform umsækjenda


Nokkuð dró úr hlutfalli umsækjanda um ráðgjöf, búsettum í leiguhúsnæði á árinu 2015. Árið 2014 hafði 46% umsækjenda búið í leiguhúsnæði en hlutfall leigjenda var 39% árið 2015. Umsækjendur í eigin húsnæði voru 41% umsækjenda árið 2015 og umsækjendur sem bjuggu við annars konar húsnæðisaðstæður voru 19% umsækjenda. Annars konar húsnæðisaðstæður geta til dæmis verið

félagsleg leiga, skortur á húsnæði eða búseta hjá ættingjum og vinum.

Skuldir, tekjur og eignir umsækjenda

Meðalráðstöfunartekjur á bak við hverja umsókn, hvort sem umsækjendur voru hjón/sambýlisfólk eða einstaklingar, voru 338.468 kr. á mánuði og höfðu hækkað frá árinu 2014 þegar þær voru 321.261 kr. á mánuði.






Þegar tekið hefur verið tillit til fjölskyldustærðar og nauðsynlegra útgjalda var meðalgreiðslugeta allra umsækjenda 45.005 kr. á mánuði, sem er um 10.000 kr. hærri greiðslugeta en meðalgreiðslugeta umsækjenda um ráðgjöf var árið 2014.

Meðalgreiðslugeta þeirra sem bjuggu í eigin húsnæði var 121.354 kr. á mánuði, álíka og á árinu 2014. Meðalgreiðslugeta þeirra sem bjuggu í leigu-húsnæði var neikvæð um 11.286 kr. á mánuði en hún hafði verið neikvæð um 21.007 kr. á mánuði árið 2014. Meðalgreiðslugeta þeirra sem bjuggu við annars konar búsetuform var neikvæð um 4.821 kr. á mánuði, en hafði verið jákvæð um 4.801 kr. á mánuði árið 2014. Við mat á nauðsynlegum útgjöldum er tekið tillit til útgjalda vegna leigu en ekki afborgana af lánum, m.a. ekki fasteignaveð-lánum. 38% allra umsækjenda um ráðgjöf höfðu neikvæða greiðslugetu, það er kostnaður vegna framfærslu þeirra var hærri en ráðstöfunartekjur, en árið 2014 höfðu 43% umsækjenda haft neikvæða greiðslugetu.

Meðalskuld á bak við hverja umsókn árið 2014 var 19.838.323 kr., rúmri einni milljón hærri en árið 2014. Munar þar mestu að meðaltal fasteignalána var hálfri milljón hærri en árið 2014 sem og meðaltal annarra skulda. Meðaleign, eins og hún er metin samkvæmt upplýsingum umsækjanda og úr opinberum gögnum, var 11.612.679 kr. sem er rúmri einni milljón hærri en árið 2014.

Eignarhlutur þeirra sem búa í eigin húsnæði var að meðaltali 25.175.605 kr. sem er áþekkt frá fyrra ári. Þar af var verðmæti fasteignar að meðaltali 23.843.235 kr. Áhvílandi veðkröfur þeirra sem búa í eigin húsnæði voru að meðaltali 24.946.328 kr., sem er um 105% veðsetningarhlutfall. Árið 2014 voru fasteignir umsækjanda um ráðgjöf, sem bjuggu í eigin húsnæði, að meðaltali 111% veðsettar.



Greiðsluaðlögun einstaklinga

Þann 1. ágúst 2010 tóku gildi lög um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010, á sama tíma og lög um umboðsmann skuldara nr. 100/2010 og embætti umboðsmanns skuldara tók til starfa. Markmið laga um greiðsluaðlögun einstaklinga er að gera einstaklingum í verulegum greiðsluferfiðleikum kleift að endurskipuleggja fjármál sín og koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu þannig að raunhæft sé að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar um fyrirsjáanlega framtíð.

Árið 2015 þróaðist vinnsla greiðsluaðlögunarmála hjá embættinu og vinnsluhraði umsókna um greiðsluaðlögun jókst. Mál tóku að jafnaði skemmri tíma frá því að umsókn var samþykkt þar til þeim lauk. Þó nokkrar breytingar voru gerðar á vinnslu umsókna hjá embættinu árið 2015 þar sem megin áherslan var á að einfalda ferli greiðsluaðlögunar, fækka þeim starfsmönnum sem komu að hverju máli og minnka tvívernað. Sú breyting var gerð í apríl 2015 að umsjónarmenn innanhúss hófu að taka ákvarðanir í greiðsluaðlögunarmálum og sinna umsjónarmenn nú vinnslu greiðsluaðlögunarmáls frá upphafi til enda. Sú breyting hafði í för með sér meiri skilvirkni og aukin vinnsluhraða. Á árinu lauk jafnframt vinnslu hjá utanhúss umsjónarmönnum og eru greiðsluaðlögunarmál nú eingöngu unnin af starfsmönnum embættisins.

Í lok árs 2015 var tekið í gagnið nýtt rafrænt umsóknarkerfi. Með nýju kerfi þurfa umsækjendur ekki lengur að skila inn skriflegu samþykki vegna gagnaöflunar heldur er slíkt samþykki veitt rafrænt. Innskráning í umsóknina er í gegnum island.is, annað hvort með íslykli eða rafrænum skilríkjum. Með nýrri umsókn ætti umsóknarferlið að vera einfaldara fyrir umsækjendur.

Fjöldi umsókna

Á árinu 2015 bárust embættinu 235 umsóknir um greiðsluaðlögun. Árið 2014 höfðu umsóknir verið 414.

Veitt var 251 heimild til greiðsluaðlögunarumleitana á árinu 2015 og biðu 66 umsóknir ákvörðunar í upphafi árs 2016. Til samanburðar voru 498 heimildir veittar á árinu 2014 og biðu 82 umsóknir ákvörðunar í upphafi árs 2015.

Af 251 ákvörðun voru 210 umsóknir samþykktar og þá skipaður umsjónarmaður sem hóf greiðsluaðlögunarumleitanið. 41 umsókn var synjað um heimild til greiðsluaðlögunarumleitana þar sem skilyrði greiðsluaðlögunar voru ekki uppfyllt. 83,7% ákvarðana var samþykki og 19,1% synjun.

Helstu ástæður fyrir synjun umsókna á árinu 2015 voru; að skuldari hafi á ámælisverðan hátt látið

undir höfuð leggjast að standa við skuldbindingar sínar eftir því sem honum var framast unnt.

Í flestum tilfellum var um að ræða einstaklinga sem höfðu sótt um áður og fengið synjun og fengu á árinu synjun að nýju þar sem sömu ástæður voru uppi í hinni nýju umsókn; að fjárhagur skuldara gaf of óljósa mynd til að hægt væri að meta greiðslugetu hans, eignir á móti skuldum; eða að umsækjandi hafi fengið samþykka greiðsluaðlögun á síðustu þremur árum og sérstakar aðstæður voru ekki fyrir hendi til að samþykkja umsókn að nýju.

Kærðar ákvarðanir

Alls voru 40 ákvarðanir kærðar á árinu 2015 til


kærunefndar greiðsluaðlögunarmála. Þær vörðuð annars vegar heimild til greiðsluaðlögunarumleitana og hins vegar ákvörðun umsjónarmanns um að mæla gegn nauðasamningi.

Samtals bárust 132 úrskurðir frá kærunefndinni. 114 ákvarðanir umboðsmanns skuldara voru staðfestar og 18 ákvarðanir voru felldar úr gildi.

Kyn umsækjenda

Konur voru 51% umsækjenda um greiðsluaðlögun einstaklinga árið 2014, karlar voru 30% umsækjenda og 19% voru umsóknir beggja hjóna eða sambýlisfólks en samkvæmt lögum um greiðslu-

Fjöldi umsókna um greiðsluaðlögun einstaklinga




aðlögun geta hjón eða sambýlisfólk lagt fram sameiginlega umsókn um greiðsluaðlögun. Lítil breyting varð frá fyrra ári.

Um 53% umsækjenda árið 2014 höfðu börn á sínu framfæri. Þar af voru einstaklingar 46%, einhleypir karlar 22% og einhleypar konur 23%. Árið 2014 hafði hlutfall einhleyptra karla verið 19% og einhleyptra kvenna 20%. Hjón án barna voru 8% umsækjenda árið 2015, sem er svipað hlutfall og árið 2014.

Einstæðir foreldrar voru 30% umsækjenda, sem er svipað hlutfall og árið áður. Þar af voru einstæðar mæður 25% og einstæðir feður 5%.

Hjón eða sambýlisfólk með börn á sínu framfæri voru 17% sem er lægra hlutfall en árið 2014 þegar hjón eða sambýlisfólk með börn á sínu framfæri voru 21% umsækjenda. Í 76% tilfella sóttu hjón eða sambýlisfólk um saman en í 24% tilfella sótti einungis annað hjóna um.

Ef aðeins er litið til samþykkttra umsókna sem bárust árið 2015 kemur í ljós að 81% umsókna kvenna voru samþykktar á árinu, 76% umsókna karla og 59% sameiginlegra umsókna hjóna eða sambýlisfólks.



Aldur umsækjenda

Hlutfallslega fækkaði í aldurshópnum 18-49 ára frá fyrra ári en undanfarin ár hefur verið fjölgun í yngsta aldurshópnum. Árið 2015 voru 70% umsækjenda 49 ára eða yngri en árið 2014 átti það við um 80% umsækjenda.


Í yngsta aldurshópnum, 18-29 ára voru 17% umsækjenda. 29% umsækjenda voru á aldrinum 30-39 ára. 24% umsækjenda voru á aldrinum 40-49 ára. Fimmtungur umsækjenda var á aldrinum 50-59 ára og 10% voru eldri en 60 ára, þar af 1 prósent eldri en 70 ára.

Af þeim sem fengu samþykka umsókn um greiðsluáðlögun var lægsta hlutfall samþykkis í hópnum 60 ára og eldri eða 68%. 75% umsækjenda á aldrinum


18-29 ára fengu umsókn sína samþykka, 81% umsækjenda 30-39 ára, 71% umsækjenda á aldrinum 40-49 ára og 76% umsækjenda á aldrinum 50-59 ára

Atvinnustaða umsækjenda

Í 46% umsókna var að minnsta kosti annar umsækjenda um greiðsluáðlögun, ef hjón eða sambýlisfólk sótti um saman, í vinnu. Er þetta nokkur fækkun frá fyrra ári þegar a.m.k. annar umsækjandi var í vinnu í 63% umsókna. Í 23% umsókna var a.m.k. annar umsækjenda atvinnulaus, sem er svipað hlutfall og árið 2014. Hlutfall örorku- eða lífeyrisþega eykst og er nú örorku- eða lífeyrisþegi a.m.k. annar umsækjenda í 44% umsókna en það átti við 31% umsókna árið 2014. Þar sem hlutfall umsækjenda á ellilífeyrissaldri



eykst ekki má gera ráð fyrir að aukningin sé meðal örorkulífeyrsþega. Að minnsta kosti annar umsækjandi var nemi í 6% umsókna og heimavinnandi voru í 1% umsókna.



Búseta umsækjenda

Tæplega tveir af hverjum þremur umsækjendum búa á höfuðborgarsvæðinu. Af umsækjendum ársins 2015 bjuggu 42% í Reykjavík og 24% í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur. Það er nokkur fjölgun frá 2014 þegar 18% umsækjenda bjó á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur. Hlutfallsleg fækkun varð meðal umsækjenda búsettra á Suðurnesjum og Suðurlandi. Árið 2015 var 11% umsækjenda búsettir á Suðurnesjum en var 16% umsækjenda árið 2014. Árið 2015 var 3% umsækjenda búsettir á Suðurlandi en hlutfallið var 8% árið 2014. Lítil breyting var frá fyrra ári á hlutfalli umsækjenda búsettum annars staðar. 9% bjuggu á Norðurlandi, 7% bjuggu á Vesturlandi eða Vestfjörðum, 2% bjuggu á Austurlandi og 2% bjó erlendis.



Um 86% umsókna frá íbúum Suðurlands voru samþykktar á árinu og um 82% umsókna frá Norðurlandi. Um 75% umsókna íbúa Reykjavíkur, nágrennasveitarfélaga Reykjavíkur, Austurlands, Suðurnesja og Vesturlands/Vestfjarða voru samþykktar. Helmingur umsókna íbúa sem búsettir voru erlendis voru samþykktar.

Búsetuform umsækjenda

Meira en helmingur umsækjenda um greiðslu-aðlögun árið 2015 bjó í leiguhúsnæði á almennum leigumarkaði, alls 54%. Hlutfall leigjenda hafði verið 48% árið 2014. Hlutfall umsækjenda í eigin húsnæði var 26% árið 2015 en hafði verið 29% árið áður. Þá var hlutfall þeirra sem bjuggu við aðrar húsnæðisaðstæður árið 2015 19% en hafði verið 23% árið 2014. Þeir sem búa við aðrar

húsnæðisaðstæður eru m.a. þeir sem eiga búseturétt, voru húsnæðislausir, bjuggu hjá ættingjum eða vinum eða voru í fangelsi.

Ef einungis er litið til samþykktara umsókna voru umsóknir 89% þeirra sem bjuggu við annars konar húsnæðisaðstæður samþykktar á árinu, umsóknir 80% leigjenda og umsóknir 55% umsækjenda í eigin húsnæði.




Skuldir, tekjur og eignir umsækjenda

Meðalskuld allra umsækjenda um greiðsluaðlögun var 16.835.117 kr. sem er rúmum 2,5 milljón lægri meðalskuld en árið 2014 þegar hún var 19.401.896 kr.

Meðaleign umsækjenda var 6.793.215 kr. um 1,5 milljónum lægri en meðaleign umsækjenda árið 2014 sem var rétt tæpar 8,5 milljónir. Þess ber þó að geta að í gagnagrunni umboðsmanns skuldara eru eignir metnar samkvæmt upplýsingum á síðasta skattframtali. Markaðsvirði eigna getur verið nokkuð hærra.

Fasteignalán námu að meðaltali um 8,5 milljónum, tæplega tveim milljónum lægri en árið 2014. Önnur bankalán voru að meðaltali um 2,8 milljónir, tæplega milljón lægri en árið 2014. Meðalyfirdráttur á tékkareikningi nam um 700 þúsundum, tæplega hálfri milljón lægri en árið 2014. Meðalnámslán hafði lækkað um 130 þúsund og nam 1,7 milljónum. Lítil breyting var á skuldum vegna bílalána sem námu um 250 þúsund, kreditkorta og raðgreiðslna, sem námu að meðaltali um 180 þúsund og skuldum vegna meðlags sem voru um 140 þúsund. Meðalskuldir vegna ógreiddra skatta, sekta eða annarra opinberra



gjalda hækkuðu um 130 þúsund að meðaltali og námu um 400 þúsund að meðaltali. Aðrar skuldir hækkuðu um tæplega 600 þúsund og námu um tveim milljónum að meðaltali. Í tölum um skuldir er ekki tekið tillit til ábyrgða sem umsækjandi hefur undirgengist og gæti hafa fallið á skuldara.

Meðalráðstöfunartekjur á bak við hverja umsókn voru 302.935 kr., á mánuði, sem voru um 15 þúsund lægri meðalráðstöfunartekjur en árið 2014. Þegar tillit hafði verið tekið til nauðsynlegra útgjalda og fjölskyldustærðar var meðalgreiðslugeta neikvæð um 4.572 kr. sem er um 25 þúsund kr. lægri greiðslugeta en meðal umsækjenda árið 2014.

56% umsækjenda hafði neikvæða mánaðarlega greiðslugetu, þar sem nauðsynleg útgjöld, án tillits til afborgana af lánum eða gjaldföllum reikningum, voru hærri en tekjur. Þetta hlutfall hafði verið um 49% árið 2014.

Ef einungis er litið til samþykktra umsókna var meðalskuld umsækjenda 12.499.614 kr. rúmum fjórum milljónum lægri meðalskuld en meðalskuld samþykktra umsækjenda árið 2014. Meðaleign samþykktra umsækjenda var 4.234.217 kr., rúmlega

3,5 milljónum lægra verðmat en meðaleign samþykktra umsækjenda árið 2014.

Skuldirnar skiptust svo að fasteignalán voru að meðaltali um fimm milljónir, bílalán og bílasamningar námu um 250 þúsund. Raðgreiðslur og kreditkortaskuldir voru að meðaltali um 150 þúsund og yfirdráttur á tékkareikningi um 590 þúsund. Önnur bankalán námu um 2,4 milljónum, námslán voru að meðaltali um 1,7 milljónir, meðlagsskuldir um 100 þúsund, skattur, sektir og önnur opinber gjöld um 370 þúsund og aðrar skuldir um 1,8 milljónir. Helstu breytingar frá fyrra ári voru að fasteignalán voru að meðaltali rúmum fjórum milljónum lægri, önnur bankalán voru um 650 þúsund lægri og aðrar skuldir um 450 þúsund hærri.

Meðalráðstöfunartekjur á bak við hverja samþykktá umsókn voru 289.197 kr., og hafa lækkað um 20 þúsund frá árinu 2014. Meðalgreiðslugeta, þegar tekið hafði verið tillit til nauðsynlegra útgjalda og fjölskyldustærðar var neikvæð um 19.089 kr. og hefur lækkað um 34 þúsund frá fyrra ári. 62% samþykktra umsækjenda hafði neikvæða mánaðarlega greiðslugetu og hafði því ekki tekjur til að standa undir nauðsynlegum útgjöldum. Hlutfall

samþykktra umsækjenda með neikvæða greiðslugetu var 50% árið 2014.

Um 32% samþykktra umsækjenda sem bjó í eigin húsnæði var með neikvæða greiðslugetu og gat því ekki staðið undir afborgunum af fasteignaveðláni, sem ekki er tekið tillit til í útreikningi á greiðslugetu. Né heldur var greiðslugeta fyrir hendi til að greiða húsaleigu. Að auki bjuggu um 21% af samþykktum umsækjendum í eigin húsnæði með greiðslugetu sem var lægri en 50 þúsund á mánuði og því með takmarkaða getu til að standa undir afborgunum af fasteignaveðláni eða til að greiða húsaleigu. Ef umsækjandi um greiðsluaðlögun í eigin fasteign hefur ekki greiðslugetu til að greiða mánaðarlega af þeim veðskuldum sem rúmast innan matsverðs fasteignar, verður fasteignin seld eftir ákvörðun umsjónarmanns í greiðsluaðlögunarferlinu. Meðalgreiðslugeta samþykktra umsækjenda í eigin húsnæði var 44.424 kr. á mánuði en hún hafði verið tæplega 120 þúsund árið 2014.

Meðalgreiðslugeta samþykktra leigjenda var neikvæð um 39.268 kr. á mánuði og hefur lækkað um níu þúsund frá fyrra ári. Í útreikningi á greiðslugetu hefur verið tekið tillit til greiddrar húsaleigu. Meðalgreiðslugeta þeirra sem búa við annars konar húsnæðisaðstæður var neikvæð um 21.113, sem er um 20.000 kr. lakari greiðslugeta en árið 2014.


Samningar um greiðsluaðlögun

Á árinu 2015 komust á 296 samningar um greiðsluaðlögun einstaklinga, en þeir höfðu verið 546 árið 2013. Sjö nauðasamningar komust að auki á hjá dómstólum, þar sem frjálsir samningar höfðu ekki tekist en tveim nauðasamningum var synjað af dómstólum. Þá var heimild til greiðsluaðlögunarumleitana felld niður í 33 málum og 52 umsækjendur afturkölluðu umsókn sína eftir að greiðsluaðlögunarumleitarnir voru heimilaðar en áður en samningur komst á. Í 17 málum lauk greiðsluaðlögunarumleitunum án þess að samningur kæmist á og ekki var leitað eftir nauðasamningi hjá dómstólum.

Að meðaltali voru samningar sem undirritaðir voru á árinu 2015 til 11,4 mánaða og styttest því að meðaltali um tæpa þrjú mánuði frá árinu 2014 þegar þeir voru að meðaltali til 14,4 mánaða. Af 296 samningum höfðu 139 samningar eða 47% samninga ársins 2015, ekkert tímabil greiðsluáðlögunar og 100% eftirgjöf samningskrafna þar sem ljóst var að engin greiðslugeta var fyrir hendi og ekki var talið líklegt að fjárhagsleg staða viðkomandi myndi batna innan fárra ára. Þetta átti við um 39% samninga undirritaða á árinu 2014. 48 samningar höfðu tímabil greiðsluáðlögunar sem var eitt ár eða skemur. 83 samningar höfðu tímabil greiðsluáðlögunar á bilinu 13 mánaða til tveggja ára. 26 samn-

ingar höfðu tímabil greiðsluáðlögunar sem var lengra en 25 mánuðir.

Að meðaltali var samið um 86% eftirgjöf af samningskröfum sem er tveim prósentustigum lægri eftirgjöf en í samningum ársins 2014. Í 206 samningum var hlutfall eftirgjafar 100%. Í 24 samningum var ekki ákvæði um eftirgjöf krafna. Í 221 samningi voru engar veðkröfur skuldara. Í 123 samningum voru kröfur með ábyrgð þriðja aðila en ef kröfur, með gildri ábyrgð þriðja aðila, eru gefnar eftir gagnvart aðalskuldara er krafan innheimt gagnvart ábyrgðarmanni.



Breytingarmál

Ef upp koma ófyrirsjáanlegar aðstæður á tímabili greiðsluaðlögunar, eftir að samningur er kominn á, sem veikja getu skuldara til þess að standa við greiðsluaðlögunarsamning sinn getur skuldari óskað eftir því við kröfuhafa að samningnum verði breytt. Á árinu 2015 var óskað eftir breytingu á 165 greiðsluaðlögunarsamningum sem er umtalsverð fækkun frá árinu 2014. Unnið var eftir því verklagi sem komið var á fót árið 2013 þar sem embættið annast milligöngu við kröfuhafa fyrir hönd skuldara þrátt fyrir að lögin geri ráð fyrir að skuldari sjálfur sinni því hlutverki. Í flestum tilvikum var um það að ræða að einstaklingar gátu ekki staðið við samninginn sinn þar sem upp kom óvæntur kostnaður eða tekjulækkun varð á tímabili greiðsluaðlögunar. Líkt og árið 2014 þá óskuðu fjölmargir eftir breytingu á samningi sínum í kjölfar útgreiðslu vaxtabóta í ágúst 2015 þar sem viðkomandi hafði ekki tök á að greiða vaxtabæturnar til kröfuhafa líkt og greiðsluaðlögunarsamningur gerði ráð fyrir. Í 99 málum náðist fram breyttur samningur við kröfuhafa og gekk vinnsla þeirra hratt og örugglega fyrir sig þar sem

verklag það sem unnið er eftir hjá UMS hefur fest sig í sessi gagnvart kröfuhöfum. Ef fjárhagsstaða skuldara batnar umtalsvert á tímabili greiðsluaðlögunar geta kröfuhafar krafist breytingar á samningi. Á árinu 2015 var tvisvar sinnum óskað eftir breytingu af hálfu kröfuhafa.


Málalok

Vinnsla við málalok hófst árið 2013. Annars vegar er um að ræða aðstoð við fasteignaeigendur við lok tímabils greiðsluaðlögunar til þess að sækja um afmáningu veðkrafna hjá sýslumönnum, eigi þeir rétt á slíku. Hins vegar er veitt aðstoð við skuldara sem hafa ekki tök á að greiða eftirstæðar kröfur í kjölfar hlutfallslegrar eftirgjafar eða ná ekki ásættanlegum samningnum við kröfuhafa um mánaðarlegar greiðslur við lok greiðsluaðlögunar.

Við lok tímabils greiðsluaðlögunar geta einstaklingar sótt um afmáningu veðkrafna, umfram markaðsvirði eignar. Afmáning felur það í sér að afmáðar kröfur eru ekki lengur veðkröfur sem hvíla á eign, heldur verða þær að samningskröfum.

Afmáning felur því ekki í sér eftirgjöf á kröfum nema um hana sé samið í greiðsluaðlögunarsamningi. Samkvæmt lögum er það hlutverk sýslumanna að afmá veðréttindi við lok greiðsluaðlögunar. Skuldari þarf sjálfur að sækja um afmáningu áður en þrjú mánuðir eru til loka greiðsluaðlögunar og skila inn verðmati frá tveimur löggiltum fasteignasólum. Umboðsmaður skuldara aðstoðar skuldara við gerð

greiðslumats og öflun nauðsynlegra gagna. Uppfylli skuldari skilyrði afmáningar færir sýslumaður veðréttindi niður að markaðsvirði eignar. Skilyrði afmáningar eru m.a. að skuldari verði um fyrirséða framtíð ófær um að standa í fullum skilum með allar áhvílandi veðskuldir og önnur greiðsluerfiðleikaúr-ræði duga ekki til að skuldari geti staðið í fullum skilum með þær veðskuldir sem áfram hvíla á fast-





eigninni eftir afmáningu. Tekið var á móti 172 umsóknum um afmáningu á árinu 2015 sem er fækkun frá árinu 2014. Undir lok árs varð umtalsverð fækkun á umsóknum um afmáningu sem má helst rekja til hækkandi fasteignaverðs. Færri eignir eru því yfirveðsettar við lok greiðsluáðlögunar en gert var ráð fyrir við gerð greiðsluáðlögunarsamnings. Í lok árs biðu 30 umsóknir afgreiðslu sýslumanns og 37 mál voru í vinnslu hjá embættinu.

Þegar ekki er samið um 100% eftirgjöf samningsskrafna við lok greiðsluáðlögunartímabils þurfa skuldarar sjálfir að semja við kröfuhafa að nýju um eftirstæðar kröfur. Í stöðluðu ákvæði samninga um greiðsluáðlögun kemur fram að kröfuhafar skuldbinda sig til að gjaldfella ekki eftirstöðvar krafna sinna við lok greiðsluáðlögunartímabils leiti skuldari eftir samningaviðræðum tveimur mánuðum áður en tímabilinu lýkur og að

á þeim tveimur mánuðum náist samningar. Þá skuldbinda kröfuhafar sig til að greiðslumeta þá skuldara sem leita eftir samningaviðræðum og að afborganir af eftirstöðvum verði í samræmi við greiðslugetu skuldara að teknu tilliti til heildarfjárhæðar eftirstöðva krafna hjá öllum kröfuhöfum. Á árinu 2015 sóttu einstaklingar í 149 málum eftir aðstoð embættisins við að óska eftir frekari eftirgjöf eða semja um greiðslu eftirstæðra krafna við lok greiðsluáðlögunar. Er þetta umtalsverð aukning frá árinu 2014 en slíka aukningu má m.a. rekja til þess að fleiri samningum lauk á árinu 2015 sem og að embættið hóf að senda bréf mánaðarlega með upplýsingum um endurskipulagningu til þeirra einstaklinga sem eru að ljúka greiðsluáðlögunarsamningi með hlutfallslegri eftirgjöf. Í lok árs 2015 fór að draga úr umsóknum frá því sem verið hafði í byrjun árs og voru 10 mál í vinnslu hjá embættinu við lok árs.

Fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta

Lög um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir skiptakostnaði vegna gjaldþrotaskipta nr. 9/2014 tóku gildi þann 1. febrúar 2014.

Úrræðið felst í því að umsækjandi óskar eftir því að fá greidda tryggingu fyrir skiptakostnaði vegna gjaldþrotaskipta að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Helstu skilyrðin eru að umsækjandi eigi í verulegum greiðsluerfiðleikum, umsækjandi geti ekki staðið skil á tryggingu fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta og að önnur greiðsluvandaúrræði dugi ekki til að leysa greiðsluvanda umsækjanda. Þá eru einnig sambærileg skilyrði og finna má í lögum um greiðsluadlögun einstaklinga nr. 101/2010 og umsækjandi þarf að uppfylla til þess að fá heimild til að leita greiðsluadlögunar. Á árinu 2015 þróaðist úrræðið hjá embætti umboðsmanns skuldara í kjölfar úrskurða

frá velferðarráðuneytinu í kærumálum. Afgreiðslutími umsókna stýttist og fleiri umsóknir voru samþykktar


Í lok árs 2015 var tekið í gagnið nýtt rafrænt umsóknarkerfi. Með nýju kerfi þurfa umsækjendur ekki lengur að skila inn skriflegu samþykki vegna gagnaöflunar heldur er slíkt samþykki veitt rafrænt. Auðkenning umsókna er í gegnum island.is annað hvort með íslykli eða rafrænum skilríkjum. Með nýrri umsókn ætti umsóknarferlið að vera einfaldara fyrir umsækjendur.

Fjöldi umsókna

Alls bárust 185 umsóknir um fjárhagsaðstoð til greiðslu skiptakostnaðar vegna gjaldþrotaskipta á árinu 2015. Það eru nokkuð færri umsóknir en

bárust árið 2014 þegar þær voru 445. Alls voru 197 umsóknir afgreiddar á árinu, þar af voru 122 samþykktar, eða 62% og 75 synjað, alls 38%. Á árinu 2014 hafði 42% afgreiddra umsókna verið samþykktar og 58% synjað.

Af synjuðum umsóknum var 37% synjað þar sem umsækjandi hafði ekki áður reynt önnur úrræði til að leysa greiðsluvanda sinn og starfsmenn umboðsmanns skuldara mátu það svo að önnur úrræði gætu gagnast viðkomandi. Var umsækjendum þá



leiðbeint í önnur úrræði sem stóðu til boða. 23% var synjað þar sem umsækjandi gat sjálfur staðið skil á tryggingu. 12% var synjað þar sem umsækjandi hafði bakað sér skuldbindingu sem einhverju nam, miðað við fjárhag sinn, sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu. Í nánast öllum tilfellum var það vegna ógreidds virðisaukaskatts. Um 18% synjana voru vegna þess að umsækjandi hafði áður sótt um greiðsluaðlögun en greiðsluaðlögunarumleitanið höfðu verið felldar niður á grundvelli 15. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, sbr. c- og d-lið 1. mgr. og d-g-lið 2. mgr. 6. gr. og 12. gr. sömu laga. 3% synjana voru þar sem umsækjandi átti ekki í verulegum greiðsluerfiðleikum en einnig var synjað þar sem umsækjandi hafði látið undir höfuð leggja að standa við skuldbindingar sínar eftir því sem honum var framast unnt, umsækjandi hafði framkvæmt ríftanlegar ráðstafanir og vegna þess að umsækj-

andi veitti rangar eða villandi upplýsingar af ráðnum hug. Þeir sem fengu synjun um fjárhagsaðstoð gátu eftir sem áður fengið gögn og leiðbeiningar um hvernig þeir óskuðu gjaldþrotaskipta hjá héraðsdómsstól en þurftu þá að leggja fram viðkomandi tryggingu sjálfir. 110 einstaklingar, sem höfðu fengið samþykki fyrir fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta, óskuðu eftir að bú þeirra yrði tekið til gjaldþrotaskipta á árinu 2015. Ekki eru tímamörk á vilyrði umboðsmanns skuldara um að greiða tryggingu fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta og því getur liðið nokkur tími frá því að heimild til fjárhagsaðstoðar er veitt þar til óskað er eftir gjaldþrotaskiptum. Við upphaf árs 2016 voru 56 einstaklingar sem höfðu fengið samþykki fyrir fjárhagsaðstoð en ekki óskað eftir að bú þeirra yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Kyn umsækjenda


Tveir af hverjum þrem umsækjendum um fjárhagsaðstoð eru karlar og þriðjungur eru konur. 63% karla hafa ekki börn á framfæri og 37% hafa börn á framfæri sínu. 30% kvenna sem sækja um hafa ekki börn á framfæri sínu en 70% hafa börn á framfæri sínu. Af öllum umsækjendum hafa því 52% ekki börn á framfæri sínu en 48% eru með börn á framfæri sínu. Kynjahlutföll umsækjenda og hlutfall foreldra með börn á framfæri hafa lítið breyst frá árinu 2014.

Aldur umsækjenda

Aldursskipting umsækjenda er hlutfallslega nánast eins og árið 2014. Stærsti hópur umsækjenda, alls 38% er á aldrinum 30-39 ára, 30% er á aldrinum 40-49 ára, 17% umsækjenda er á aldrinum 50-59. Fæstir eru í yngsta og elstu aldurshópunum, 10%

Kyn umsækjenda um fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar

2015  Karl  Kona
2014  Karl  Kona





umsækjenda er 29 ára eða yngri og 6% eru 60 ára eða eldri, þar af er eitt prósent eldri en 70 ára.

Atvinnustaða umsækjenda

Alls voru 45% umsækjenda um fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar á árinu 2015 í vinnu en það

voru 48% umsækjenda árið 2014. 29% umsækjenda voru örorku- eða lífeyrisþegar árið 2015 en það voru 27% umsækjenda árið 2014. 21% allra umsækjenda voru atvinnulausir. 5% voru í námi og 1% var heimavinnandi.





76% umsækjenda sem voru örorku- eða lífeyrisþegar fengu samþykktá umsókn sína um fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar. 71% atvinnulausra umsækjenda fengu umsókn sína samþykktá. Sama átti við um 67% umsækjenda í námi og 53% umsækjenda í vinnu.

Búseta umsækjenda

Tæplega tveir af hverjum þrem umsækjendum bjó í Reykjavík eða í nærliggjandi sveitarfélögum. Þar af bjuggu 39% í Reykjavík og 27% á höfuðborgar-

svæðinu. Er þetta hlutfallsleg fjölgun frá fyrra ári þegar tæplega 60% umsækjenda bjó á þessu landssvæði. Hlutfallslega fækkaði umsækjendum búsettum á Suðurnesjum, úr 20% umsækjenda árið 2014 í 12% umsækjenda árið 2015. Minni breyting varð á hlutfalli umsækjenda búsettum í öðrum landshlutum. 5% umsækjenda bjó á Vesturlandi eða á Vestfjörðum, 8% bjó á Norðurlandi, 2% á Austurlandi og 5% á Suðurlandi. 2% umsækjenda var búsettur utan Íslands.





Búsetuform umsækjenda

Tæplega tveir af hverjum þremur sem óskuðu eftir fjárhagsaðstoð til greiðslu skiptakostnaðar vegna gjaldþrotaskipta bjuggu í leiguhúsnæði. 17% umsækjenda bjuggu í eigin fasteign. 19% umsækjenda bjuggu við annars konar búsetuform, t.d. áttu búseturétt, voru húsnæðislausir, bjuggu hjá ættingjum eða vinum eða voru í fangelsi.

Skuldir, tekjur og eignir umsækjenda


Meðalskuld allra umsækjenda um fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar var 21.126.267 kr. sem er um tveimur milljón hærri meðalskuld en meðal umsækjenda árið 2014.


Meðaleign umsækjenda var 2.696.528 kr., sem er tæplega hálfri milljón meira en meðal umsækjenda árið 2014. Þess ber þó að geta að í gagnagrunni umboðsmanns skuldara eru eignar metnar samkvæmt upplýsingum á síðasta skattframtali. Markaðsvirði eigna getur verið nokkuð hærri.

Fasteignalán námu að meðaltali um 6,2 milljónum og hafa hækkað um hálfa milljón frá fyrra ári. Önnur bankalán voru að meðaltali um 5,8 milljónir, nýtt yfirdráttarheimild á tékkareikningi var um 1 milljón, skuld vegna kreditkorta og raðgreiðslna var um 200 þúsund, námslán námu að meðaltali um 1,3 milljónum, skuldir vegna meðlags voru um 860 þúsund, skuldir vegna ógreidds skatts, sekta eða annarra opinberra gjalda voru að meðaltali um 1,9 milljónir og aðrar skuldir voru að meðaltali um 3,2 milljónir. Í tölum um skuldir er ekki tekið tillit til ábyrgða sem umsækjandi hefur undirgengist og gætu hafa fallið á skuldara.

Meðalráðstöfunartekjur á bak við hverja umsókn voru 238.147 kr., um 12 þúsund lægri en árið 2014. Þegar tillit hafði verið tekið til nauðsynlegra útgjalda og fjölskyldustærðar var meðalgreiðslugeta neikvæð um 27.609 kr., um 16 þúsund lægri en árið 2014.

56% umsækjenda hafði neikvæða mánaðarlega greiðslugetu, þar sem nauðsynleg útgjöld, án tillits til afborgana af lánum eða gjaldföllum reikningum, voru hærri en tekjur, sama hlutfall og árið 2014.






Erindi

Samtals bárust embætti umboðsmanns skuldara 121 erindi árið 2015. Umboðsmaður skuldara tekur á móti erindum á grundvelli e-liðar 2. mgr. 1. gr. laga um umboðsmann skuldara nr. 100/2010. Í ákvæðinu segir að umboðsmaður skuldara skuli taka við erindum og ábendingum um ágalla á lánastarfsemi og senda áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds.

Erindin sem bárust embættinu árið 2015 voru margvísleg, allt frá einföldum fyrirspurnum yfir í flóknari erindi um fjárhagsleg málefni. Algengar fyrirspurnir vörðuðu t.d. úrræði embættisins, rétt neytenda á fjármálamarkaði, innheimtuferli krafna, ábygðarskuldbindingar og gjaldþrotaskipti.

Embættinu bárust þó nokkrar kvartanir frá skuldurum vegna innheimtu kröfuhafa á dráttarvöxtum

fyrir það tímabil sem frestun greiðslna stóð yfir í greiðsluaðlögun. Í öllum tilvikum var um að ræða mál sem höfðu ekki lokið með samningi um greiðsluaðlögun heldur með niðurfellingu, synjun eða afturköllun á umsókn. Í 2. mgr. 11. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga segir að vextir falli á skuldir á meðan frestun greiðslna stendur en þeir séu ekki gjaldkræfir. Embættið túlkar þetta ákvæði svo að með vöxtum sé eingöngu átt við almenna vexti en ekki dráttarvexti. Þann 8. desember 2015 féll hins vegar dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4849/2014 um að túlka bæri ákvæðið á þann veg að það heimili álagningu dráttarvaxta vegna þess tímabils sem kröfur eru í greiðsluskjóli. Þegar ársskýrslan var rituð var ljóst að dómnum hafði verið áfrýjað til Hæstaréttar.



Framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara

Samkvæmt lögum um umboðsmann skuldara ber embættinu að útbúa framfærsluviðmið og uppfæra það reglulega. Framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara eru ætluð sem viðmið fyrir framfærslu þegar leitað er lausna á skuldavanda með samningi við lánardrottna og þegar einstaklingur hefur ákveðið að óska eftir gjaldþrotameðferð. Þau eru því ætluð til styttri tíma heldur en viðmið ýmissa annarra, til dæmis dæmigerð viðmið velferðarráðuneytisins.

Viðmiðin, utan að hluta til viðmið fyrir samgöngukostnað, eru reiknuð með gögnum frá Hagstofu Íslands. Hagstofan hefur frá árinu 2000 staðið fyrir útgjaldarannsókn. Rannsóknin fer þannig fram að árinu er skipt niður í 26 tveggja vikna tímabil og fyrir hvert tímabil er valið úrtak 47 heimila af handahófi, samtals 1.222 heimili á ári. Þau heimili sem samþykkja þátttöku í könnuninni halda nákvæmt heimilisbókhald í tvær vikur og svara svo spurningalistum varðandi tækjæign á heimilinu og stærri útgjöld á þriggja mánaða tímabili. Viðmiðin

taka því mið af raunútgjöldum íslenskra heimila og eru uppfærð mánaðarlega miðað við vísitölu neysluverðs. Gagnagrunnurinn sem viðmiðin byggja á núna innheldur svör 4.713 heimila.

Framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara eru í sjö flokkum. Miðað er við dæmigerð viðmið velferðarráðuneytisins fyrir; mat og hreinlætisvörur; lækniskostnað og lyf; og samskipti. Miðað er við grunnviðmið velferðarráðuneytisins fyrir föt og skó. Vegna annarrar þjónustu, tómstunda, samgangna og annarra útgjalda voru tekin upp viðmið sem byggja á neysluviðmiðum velferðarráðuneytisins en þau aðlöguð að eðli þeirra mála sem umboðsmaður skuldara vinnur að. Umsækjendur þurfa sjálfir að tiltaka í umsókn sinni ýmsan kostnað við framfærslu, svo sem vegna hita, rafmagns, dagvistunar barna, fasteignagjalda og er þeim bætt við annan kostnað til að reikna út heildarframfærslukostnað fjölskyldunnar.

Framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara við lok árs 2015:

	Matur og hreinlætisvörur	Föt og skór	Læknis- og lyfjakostnaður	Tömnstundir	Samskipti	Önnur þjónusta	Rekstur bíls og almenningsþing	Samtals
Einstaklingar:								
barnlaus	44.914	8.222	9.713	12.642	11.831	4.384	45.080	136.785
með 1 barn	70.045	13.311	11.812	23.538	14.268	7.305	45.080	185.359
með 2 börn	90.836	18.401	13.913	32.976	16.706	10.227	52.080	235.138
með 3 börn	107.284	23.490	16.012	40.957	19.144	13.148	59.080	279.116
með 4 börn	119.390	28.580	18.113	40.957	21.581	16.069	66.080	310.770
með 5 börn	119.390	33.670	20.212	40.957	24.019	18.991	78.659	335.899
Hjón og sambúðarfólk:								
barnlaus	83.004	10.893	14.493	22.603	17.255	8.718	45.080	202.046
með 1 barn	108.137	15.983	16.593	33.498	19.693	11.640	52.080	257.624
með 2 börn	128.927	21.073	18.693	42.937	22.131	14.560	59.080	307.401
með 3 börn	145.375	26.162	20.793	50.918	24.569	17.482	66.080	351.379
með 4 börn	157.481	31.251	22.893	50.918	27.006	20.404	78.659	388.613
með 5 börn	157.481	36.342	24.993	50.918	29.444	23.325	85.659	408.162



Fræðsla og kynningarmál

Eitt af hlutverkum umboðsmanns skuldara er að veita alhliða fræðslu og ráðgjöf um fjármál heimilanna. Hefur þetta verið gert með ýmsum hætti, svo sem með upplýsingum á heimasíðu embættisins, www.ums.is og með samskiptum við fjölmiðla vegna vanda skuldara og þeirra úrræða sem í boði eru. Leitast var við að kynna fyrir almenningi greiðsluferfiðleikaúrræði og hvernig hægt er að takast á við skuldavanda hvers heimilis.

Umboðsmaður skuldara tók meðal annars þátt í námskeiðum um greiðsluvandaúrræði og fjármálalæsi á vegum Janusar. Þá heimsótti umboðsmaður skuldara Foldaskóla og ræddi við nemendur um peninga, fjármál, skuldir og vexti. Umboðsmaður skuldara tók þátt í Alþjóðlegri fjármálalæsisviku, sem haldin var á Íslandi í annað sinn, en henni er ætlað að vekja athygli á mikilvægi fjármálalæsismenntunar og stuðla að viðhorfsbreytingu þegar kemur að fjármálum. Alþjóðlegu fjármálalæsisvikunni er sérstaklega ætlað að vekja börn og ungmenni til vitundar um fjármál.

Fjölmarginir heimsóttu embættið og fengu fræðslu um helstu starfsemi þess, meðal annars erlendir gestir frá Noregi, Grænlandi, Finnlandi og Póllandi. Einnig komu félagsráðgjafanemar og fræddust um embættið.

Umboðsmaður skuldara tók þátt í kennslu í námi félagsráðgjafa við Háskóla Íslands. Fjallað var um helstu orsakir fjárhagserfiðleika og leiðir til að takast á við þá. Sérstök áhersla var lögð á ný og nýleg úrræði, svo sem greiðsluaðlögun. Einnig var fjallað um gjaldþrot einstaklinga og áhrif þess til skemmri og lengri tíma. Þá tók umboðsmaður skuldara þátt í kennslu í námi til starfsréttinda fasteignasala.

Gefinn var út fræðslu- og leiðbeiningabæklingurinn „Tékkheftið“ fyrir einstaklinga í fjárhagsvanda, þar sem fjallað var um ýmis úrræði vegna skulda- og greiðsluvanda og leiðbeiningar um hvernig úrlausnir helstu kröfuhafar bjóða upp á.

Heimasíða embættisins var endurnýjuð og snjallvædd í samræmi við breytta netnotkun og voru það 21.366 notendur sem heimsóttu vefinn á árinu. Einnig var ný rafræn umsókn tekin í notkun, sem byggir á innskráningarferli island.is, með rafrænum skilríkjum eða Íslykli. Með nýrri umsókn var hægt að falla frá kröfu um að embættið fái sent frumrit undirritaðs samþykkis umsækjenda til gagnaöflunar UMS. Auk þess var umsókn um greiðsluaðlögun nokkuð einfölduð, þar sem ekki er lengur gerð krafa um meðfylgjandi greinargerð umsækjenda heldur eru umsækjendur beðnir um að svara spurningum í umsókninni sjálfri. Þá geta umsækjendur nú fylgst með vinnslustöðu umsóknar sinnar á heimasvæði sínu.

Rekstrar- og efnahagsreikningur

2015

Rekstrarreikningur árið 2015

	2015	2014
Tekjur		
Markaðar tekjur	50.924.528	738.500.197
Sértekjur	2.595.962	2.258.720
Tekjur alls	53.520.490	740.758.917
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	290.463.247	438.223.210
Ferðakostnaður	4.370.865	3.823.683
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	6.725.974	10.853.494
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	45.230.136	154.044.466
Húsnæðiskostnaður	31.031.783	44.466.931
	377.822.005	651.411.784
Eignakaup	1.236.872	1.353.991
Tilfærslur	29.923.926	38.626.273
Rekstrarafgangur (halli)	(355.462.313)	49.366.869
Fjármagnsgjöld	78.263	137.481
Afskrifaðar, tapaðar skammtímakröfur	-100.900.250	100.900.250
Tekjuafgangur / (halli)	-254.640.326	-51.670.862

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	2015	2014
Fastafjármunir	0	0
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur, aðrar	141.379.323	335.192.716
Eignir alls	141.379.323	335.192.716
Eigið fé og skuldir		
Höfuðstóll í ársbyrjun	188.518.246	240.189.108
Tekjuafgangur (halli) ársins	-254.640.326	-51.670.862
Eigið fé	-66.122.080	188.518.246
Skammtímaskuldir		
Ríkissjóður	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	207.501.403	146.674.470
Skuldir samtals	207.501.403	146.674.470
Eigið fé og skuldir alls	141.379.323	335.192.716

